

REGLUGERÐ

um gildistöku tiltekinnar gerðar Evrópusambandsins um aðskotaefni í matvælum.

1. gr.

Ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið sem vísað er til í XII. kafla, II. viðauka, skulu öðlast gildi með breytingum og viðbótum sem leiðir af II. viðauka, bókun 1 við samninginn og öðrum ákvæðum hans. Á grundvelli eftirtalinnar ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar öðlast eftirfarandi EB-gerð gildi hér á landi:

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 856/2005 frá 6. júní 2005 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 466/2001 að því er varðar eiturefni sveppa af ættkvíslinni *Fusarium*. Reglugerðin var felld inn í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 22/2006 frá 11. mars 2006.

2. gr.

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 856/2005 er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB nr. 45/2008, frá 18. júlí 2008, bls. 65.

3. gr.

Matvælastofnun og heilbrigðisnefndir sveitarfélaga undir yfirumsjón Matvælastofnunar fara með eftirlit með því að ákvæðum þessarar reglugerðar sé framfylgt nema annað sé ákveðið samkvæmt lögum eða stjórnvaldsfyrirmælum.

4. gr.

Með brot gegn reglugerð þessari skal farið samkvæmt lögum nr. 93/1995 um matvæli, með síðari breytingum.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 18. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli, með síðari breytingum. Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, 28. júlí 2008.

F. h. r.

Sigurgeir Þorgeirsson.

Baldur P. Erlingsson.